

## Tillögur um verkefni Fjölskyldusviðs vegna innflytjendamála

Hugmyndir byggjast á skýrslu starfshóps um stöðu innflytjenda í Hafnarfirði sjá <http://www.hafnarfjordur.is/thjonusta/frettir/nr/3327>.

1. Þýðingar á grunn- kynningarefni fyrir heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar vegna frístundaheimila, tómstundastyrks og annars félagsstarfs. Skilgreina þarf betur hvaða grunnefni þarf að þýða en efni frá öllum stofnunum og deildum á sviðinu sem veita þjónustu s.s. Vinnuskóli, reglur um fjárhagsstuðning, barnaverndarleiðbeiningar, almennt starf félagsþjónustu, félagsstarf aldraðra, frístundastyrkir, almennar upplýsingar og leikjanámskeið oþh. Um er að ræða grunnskjöln um starfseminna. Megnið af texta er til. Tillaga um að þýða á ensku, pólsku og spænsku þennan grunntexta. Þýðingakostnaður mundi vera um 500.000.
2. **Stofnun samráðshóps um málefni innflytjenda í Hafnarfirði þar sem fulltrúar fjölskyldusvið, leikskóla, grunnskóla og annarra sem tengjast málaflokknum hittast og miðla upplýsingum, samræma verkefni, vinna að bættri þjónustu og bættri upplýsingagjöf. Engin aukakostnaður fylgir og vinna á sér stað á vinnutíma viðkomandi starfsmanna. Sviðstjórar þurfa að samþykka og gera erindisbréf hópsins.**
3. **Handbók um Móttökuáætlun barna með annað móðurmál en íslensku í skipulagt frístundastarf.** Handbókinn er leiðarvísir um móttöku barna í frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, íþróttafélög, skáta, listdans og annað skipulagt íþrótt og tómstundastarf. Í bókinni er annars vegar rætt almennt um undirbúning og móttöku barna en hins vegar hvernig hægt er að stuðla að almennri vellíðan og öryggi foreldra með starfið. Handbókin er uppsett með ákveðnum gátlista sem skiptist í forvinna, móttaka og hugarfar. Móttökuáætlunin yrði notuð af starfsfólki frístundaheimila, félagsmiðstöðvar, íþróttafélaga og annarra tómstundafélaga í Hafnarfirði. Búin er til tékklisti sem tryggir starfsmaður hafi samband við alla aðila og öll mál skoðuð þegar barn innflytjenda hefur þátttöku í starfinu eða hefur skólastarf eða aðra þjónustu þar sem starfsmenn okkar tengjast barninu. Einnig mun verða gerður **Kynningarbæklingur upplýsingar um framboð á íþrótt- og tómstundastarfi** í bænum auk annarra lykilupplýsinga verðandi tómstundastarf, reglur og hefðir varðandi börn og unglínga. Hér yrði t.d. kynning á sundi, niðurgreiðslum, námskeiðum, tómstundum, íþróttum, skátum og öllu frístundastarfinu í bænum. Þetta yrði ekki prentað heldur á heimasíðu og bæjarbúar hefðu líka aðgang að þessu s.s. þeir sem eru nýfluttir í bæinn. Kynningarbæklingurinn yrði þýtt á nokkur tungumál minnst 4 tungumál. Við höfum leyfi frá Reykjavíkurborg til að nýta grunnefni þaðan en að öðru leiti þarf að safna texta saman varðandi félög í bænum en annar texti er að mestu til. Þetta yrði samstarfsverkefni með íBH. Síðan yrði þetta grunnefni líka notað sem efni sem þýtt er í lið 1. Kostnaður áætlaður 450 þús um felst í uppsetningu, vinnu við þýðingar en starfsmenn sjá um texta og almenna grunnvinnu.
4. **Könnun um stöðu barna innflytjenda.** Kaupa þarf frá Rannsóknnum og greiningu gögn sem sýna félagslega stöðu þessa hóps í Hafnarfirði. En könnun er lögð fyrir ár hvert og börn úr 8. - 10. taka þátt og í fyrra börn úr 5.-7. bekk. Hér koma fram svör við tómstundaiðkun hópsins og ýmsum öðrum félagslegum þáttum sem við nýtum til að meta stöðuna og þróa önnur verkefni okkar til að mæta þörfum þessa hóps.

Athugasemd [GB1]: Samþykkt og komið af stað

Kostnaður er um 200.000 kr. Börn af erlendu bergi brotin fara að afar takmörkuðu leiti í framhaldsskóla í Hafnarfirði og því er erfitt að fá gögn um þennan hóp.

5. Búa þarf til úrræði fyrir **ungmenni sem eru 16 ára** og eldri með erlendan bakgrunn. Skapa vettfang fyrir þau að hittast og efla þau félagslega. Skoða þarf hópinn strax í 10. bekk upp á að tengjast þeim áður en þau ljúka grunnskóla. Hópurinn mun hittast reglulega í Húsinu hægt verður að skoða úrræði sem hefur verið keyrt í Reykjavík sem heitir Brú milli menningarheima. Kostnaður þýðingar og starfsmannakostnaður má áætla um 1,500.000 kr.
6. **Fjölmenningarráð.** Ná til innflytjenda þannig að raddir þeirra heyrast betur í Hafnarfirði. Eftirfarandi ráð yrði með fyrirmynd ungmennaráða, virkja innflytjendur innan Hafnarfjarðar og skipuleggja reglulega opna fundi. Fundirnir yrðu að meðaltali 4 á ári og væri ein lokafundur með bæjarstjórn. Ráðið getur komið með tillögur inn í ráð og nefndir bæjarins og athugasemdir til stjórnkerfis. Núverandi ráð og nefndir Hafnarfjarðarbæjar og stjórnkerfið sendir t.d. inn í þetta ráð erindi og mál til umsagnar sem talin eru varða hópinn. Mælt er með að halda nokkurskonar þing eða Gaflarakaffi þar sem innflytjendur, stjórnáamenn og embættismenn fjalla um stöðu hópsins í dag. Þar verði unnið með hugmyndir sem myndu móta starfsramma í kringum ráðið. Á innflytjendabingi yrði mörg tungumál í boði, mörg viðfangsefni, nokkrar málstofur og leitað yrði sérstaklega eftir því að fá innflytjendur til að mæta og taka þátt. Áætlaður fjöldi í ráðinu 7-20 manns  
Hér yrði að hafa starfsmann til að halda utanum starfið, fundi, úrvinnslu gagna og boðun  
Kostnaður á næsta ári yrði nokkur  
Innflytjendabing, kynningar, starfsmenn, úrvinnsla og þýðingar um 2 milljónir  
Fundarkostnaður sambærilegur við nefndir okkar eða um 800.000 á  
Starfsmaður í um 25% vinnu 9 mánuði ársins eða um 1000.000 á  
Fjármagn til að kosta verkefni hopsins eins og kannanir, fræðslu, fundi, móttökur og kynningar yrði um 500.000 á
7. **Sjóður til að styrkja íþrótt- og tómsundabáttöku barna af erlendum bergi brotin.** Til að sjóður sem hefur stutt við verkefni sem eiga að efla þáttöku þessara barna. Viðhalda þarf þessum sjóði. Sótt er um hvert mál og til er verkefnahópur starfsmanna sem metur umsóknir. Áætlað er að þörf sé á um 500.000 kr í þetta á næsta ári.
8. Frístundakort endurskoðun. **Auðvelda þarf börnum innflytjenda að nýta sér niðurgreiðslur** í fleiri tómsundatilboð en eru almennt í boði í dag. Hér þarf að skoða möguleika til að nota niðurgreiðslur til að kosta gjald í frístundaheimili, tónlistarskóla, öll áhugamál, nám eða sjálfstyrkingarverkefni auk þess að opna á að mega nota niðurgreiðsluna í öðrum sveitarfélögum.
9. Tillaga til viðbótar og kemur frá Fjölskylduráði og tengist því að það verði starfsmaður í þjónustuveri okkar sem talar pólsku í hlutastarfi.

**Athugasemd [GB2]:** Fjármagn fundið og gögn komin og verið að skoða þau

Geir Bjarnason og Guðbjörg Magnúsdóttir